

Stefán Erlendsson, yfirlögfræðingur  
Vegagerðin  
Borgartúni 5-7  
Reykjavík

Reykjavík, 22. júlí 2019

EFNI: Eignarréttur, veghald og vegagerð á Ófeigsfjarðarvegi

Hluti landeigenda að Seljanesi hefur falið mér að koma fram fyrir sína hönd þar til lögmaður hefur tekið við að gæta hagsmuna þeirra gagnvart Vegagerðinni. Landeigendurnir sem um ræðir eru afkomendur Kristins Halls Jónssonar og Önnu Jakobínu Guðjónsdóttur sem voru síðustu ábúendur í Seljanesi. Landeigendurnir eiga helming óskiptrar jarðarinnar.

Landeigendurnir hafa ekki heimilað Vegagerðinni þau afnot af vegi um Seljanesland sem stjórnvaldið hefur nú framselt með samningi frá 19. júní síðastliðinn til einkahlutafélags, til allt annarra nota þó en þeirra sem að sögn voru grundvöllur yfirtöku stjórnvaldsins á veginum og veghaldi árið 2004. Landsvegur er sannarlega ekki það sama og virkjanavegur.

Mótmæla landeigendur slíkri einhliða yfirtöku stjórnvaldsins á veginum án samráðs við þá og fyrirfram allri hagnýtingu vegarins, það er akbrautarinnar sjálfrar og hverju því svæði meðfram henni sem stjórnvaldið kann að hafa haft hugmyndir um að tilheyri vegsvæði. Þá er harðlega mótmælt þeirri ráðagerð í samningi um framsal veghaldsins frá 19. júní að vegur, það er akbraut og vegsvæði, kunní að vera allt að 12 metra breitt. Slíkt athafnasvæði er órökstutt, vísar ekki í neinar reglur og styðst ekki við nein fram komin málefnaleg sjónarmið. Eignarréttur að þessu svæði tilheyrir ekki Vegagerðinni innan lands Seljaness skv. neinum þeim gögnum sem fram hafa komið.

Slóðinn sem ruddur var frá Eyri norður að Hvalá hefur verið notaður af ferðamönnum og einnig fyrir sumarbyggð í Ófeigsfirði, Seljanesi og Ingólfsfirði. Sumardagssumferð er 15.

Eignarrétturinn að landinu tilheyrir landeigendum skv. stjórnarskrá og þeir verða ekki sviptir honum nema uppfyllt séu ákvæði laga um almenningsþörf. Eigendurnir vinna að náttúruvernd, í anda foreldra sinna, og meðal annars að friðlýsingu jarðarinnar Dranga sem óbyggðra víðerna, og hafna því alfarið að land þeirra sé notað í virkjanatilgangi en réttur þeirra til skoðana og sannfæringar er stjórnarskrárvarinn.

Óska landeigendurnir eftir þeim gögnum er Vegagerðin kann að búa yfir til stuðnings sjónarmiðum um eign sína á veginum, veghaldi og meintu vegsvæði. Þá er óskað eftir skýringum á því hvort stjórnvaldið telur sig með samningi um framsal vegarins 19. júní hafa getað ráðstafað 12 metra breiðri landspildu úr landi Seljaness með framsali veghalds til þriðja aðila, sem er þar að auki einkahlutafélag og hefur engan rekstur. Óskað er eftir rökstuðningi fyrir slíkum sjónarmiðum ásamt gögnum ef um er að ræða.

Óskað er tafarlausra svara við bréfi þessu.

Fyrir hönd barna Önnu Jakobínu og Kristins,

Guðmundur Hrafn Arngrímsson  
Tangabryggja 8, 110 Reykjavík  
netfang: gudmundur.arngrimsson@gmail.com  
sími: 849-3116